

# Fyrsta deiliskipulagið í Þórsmörk

● Rangárþing eystra auglýsir tillögur að nýju deiliskipulagi í Þórsmörk ● Nær yfir alls um 80 hektara svæði ● Jákvæð viðbrögð helstu hagsmunaaðila ● Um 140 þúsund ferðamenn í Þórsmörk á ári

## SVIÐSLJÓÐ

Björn Jóhann Björnsson  
bjb@mbl.is



Rangárþing eystra hefur sett í kynningu nýjar tillögur að deiliskipulagi í Þórsmörk, því fyrsta sem unnið hefur verið að af hálfu skipulagsyfivalda. Ná tillögurnar til þriggja afmarkaðra svæða; Húsadals, Langadals/Slyppugils og Bása, á alls um 80 hektara svæði. Jafnframt er kynnt ítarleg stefnumörkun fyrir Þórsmörkursvæðið.

Fyrstu viðbrögð helstu hagsmunaaðila við tillögnum eru jákvæð, ef marka má samtöl sem Morgunblaðið átti í gær við talsmenn Ferðafélags Íslands og Útivistar, en félögin hafa til fjölda ára verið með aðstöðu í Þórsmörk. Hafði sveitarfélagið samráð við helstu hagsmunaaðila í undirbúningsferli að tillögnum, en þær eru til kynningar á vefsíðu Rangárþings eystra, hvolsvollur.is, og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa. Frestur til að skila athugasemdum við tillögurnar er til og með 16. apríl næstkomandi.


## Fleiri og fleiri ferðamenn

Þórsmörk er þjóðlenda í eigu ríkisins en umsjónaraðili svæðisins er Skógrækt ríkisins, sem gert hefur leigusamninga við ferðafélög og aðra aðila um afnot af landinu. Þórsmörk er einn vinsælasti áningarstaður ferðamanna á hálendinu, sannkölluð náttúruperla, og hefur verið eftirsótt alveg frá því að fyrst var farið að veita ferðamönnum þjónustu þarna um miðja síðustu öld. Samkvæmt nýrri könnun Rannsóknar og ráðgjafar, RRF, er talið að um 140 þúsund ferðamenn hafi komið þangað á síðasta ári, þar af um 110 þúsund erlendir ferðamenn. Til samanburðar komu um 90 þúsund ferðamenn í Þórsmörk árið 2012. Það ár var fjöldi gistinguátta í Þórsmörk um 30 þúsund talsins.

## Helstu tillögur

Í Húsadal nær deiliskipulagið til um 30 hektara svæðis, auk fyrirhugaðrar göngubrúar yfir Markarfljót og aðkomu að henni. Afmarkaðar eru níu misstórar lóðir og sýndur er byggingarreitur fyrir hverja lóð. Samkvæmt auglýsingunni er gert ráð fyrir plássfrekari starfsemi á þremur lóðum, auk bygginga, s.s. tjaldsvæðis, afþreyingarsvæðis eða aðstöðu fyrir hestaferðir.

Í Langadal og Slyppugili tekur deiliskipulagið til um 13 hektara. Nær svæðið yfir núverandi aðstöðu



Þórsmörk Séð yfir skála Ferðafélags Íslands í Langadal en í Slyppugili eru Farfluglar með sína aðstöðu. Útivist hefur verið með aðstöðu í Básun.

Ferðafélagsins og austur fyrir aðstöðu félagsins Farflugla í Slyppugili. Afmarkaðar eru tvær þjónustulóðir fyrir gistiskála og þjónustuhús fyrir ferðamenn, ásamt reit fyrir tjaldsvæði. Jafnframt er afmörkuð lóð fyrir núverandi aðstöðu Skógræktar ríkisins og gert er ráð fyrir byggingarreitum á hverri lóð.

Tillagan í Básun í Godalandi nær yfir um 38 hektara. Tekur það til núverandi aðstöðu Útivistar, óbyggðs svæðis til austurs frá þeirri aðstöðu

og austur að Strákagili. Afmarkaðar eru sex misstórar þjónustulóðir og byggingarreitur er á hverri lóð.

## Skipulag löngu tímabært

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra, segir hagsmunaaðila í Þórsmörk hafa tekið þátt í því með sveitarfélaginu að móta tillögurnar. Það hafi verið löngu tímabært að koma einhverju skipulagi á svæðið til langs tíma.

## FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

# Eykur uppbygginguna

Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélags Íslands, fagnar tillögnum um Þórsmörk. Með skipulaginu sé hægt að vinna betur að málum. Félagið hafi þrýst á um deiliskipulag á fleiri svæðum á hálendinu, eins og í Landmannalaugum, en þar hafi Rangárþing ytra ekki hlustað á félagið í 15 ár.

Ólafur Örn gerir ráð fyrir uppbyggingu í Langadal á náttúrulegum forsendum, með kyrrðina í huga, og þar verði ekki endilega sóst eftir miklum fjölda ferðamanna. Í Húsadal megi búast við meiri umferð og umfangsmeiri uppbyggingu og herra þjónustustigi. Ný göngubrú sé tillökkunarefni og Ferðafélagið hafi einnig tækifæri til að nýta betur borholu á svæðinu, til húshitunar og heitra lauga.



„Þeir aðilar sem eru þarna með starfsemi í dag halda sínum rekstri og fá afmarkaðar lóðir. Í Húsadal og Básam eru síðan afmarkaðar nýjar lóðir fyrir þá sem vilja koma þarna inn með einhvern rekstur,“ segir Anton og reiknar með að í kjölfar þess að deiliskipulagið verði samþykkt þá verði lausar lóðir auglýstar til úthlutunar. Sveitarfélagið muni síðan meta þær umsóknir í samráði við landeigandann, ríkið.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir áformaðri göngubrú yfir Markarfljót, yfir í Húsadal, og heilsársvegi frá Fljótshlíðarvegi að brúnni. Þetta er talin ein veigamesta breytingin í Þórsmörk á næstu árum og mun bæta aðgengi ferðamanna að svæðinu allverulega. „Með göngubrúnni verður svæðið opnað mun meira og menn verða þá að vera undir það búnir að taka á móti því fólki sem kemur,“ segir Anton Kári.

### Í samræmi við sýn Útivistar

Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivistar, fagnar því að deiliskipulagstillögurnar séu komnar fram, en félagið hefur verið með starfsemi í Básam í 35 ár. Hann tekur undir með Antoni Kára að skipulagið hafi verið orðið löngu tímabært.

„Þetta hefur hamlað því að geta mótað einhverja stefnu til langs tíma á svæðinu. Við höfum sjálf verið að þróa okkar þjónustu í gegnum árin og orðið að huga að okkar málum í hvert sinn sem eitthvað hefur verið gert. Við höfum átt ágætt samstarf við skipulagsnefnd sveitarfélagsins og fengið gott tækifæri til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Við erum mjög sátt við allt ferlið og höfum fengið í gegn þær breytingar sem við vildum sjá,“ segir Skúli.

Hann segir Útivist leggja mikla áherslu á að yfirbragð öræfanna haldist í Þórsmörk, þar sem einfaldleikinn verði hafður að leiðarljósi og öll mannvirki falli vel að umhverfinu.

„Við myndum til dæmis ekki vilja sjá þarna mikla hótelpuþbyggingu eða stórfelld mannvirki, það myndi ekki passa. Svæðið er fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar, það hefur verið aðalsmerki Bása og Goðalands. Mér sýnist að sveitarfélagið deili þeirri hugsun með okkur. Þarna er verið að skipuleggja nýja byggingarreiti og við munum skoða það sérstaklega í okkar umsögn,“ segir Skúli.



Ólafur Örn Haraldsson